

Fundargerð

17. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins

Þjóðminjasafni Íslands, 26. nóvember 2010 kl. 11:45 – 12:45

Mættir aðalmenn: Skúli Skúlason, formaður, Sigurður Már Einarsson, Áslaug Helgadóttir, Emma Eyþórsdóttir.

Auk þess sat fundinn Birna Kristín Baldursdóttir, starfsmaður erfðalindaseturs LbhÍ.

1. Samþykkt dagskrár

Drög að dagskrá voru send út fyrir fundinn og var dagskrá samþykkt. Birna ritaði fundargerð.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 16. fundi var samþykkt.

3. Staða mála frá síðasta fundi

BKB skýrði frá stöðu mála varðandi erindi BÍ um viðurkenningu á uppruna íslenskra búfjárkynja. Upplýsingar hafa borist frá Finnlandi varðandi þeirra gömlu kyn. Þau voru viðurkennd sem finnsk vegna tilvistar ættbókar.

Rætt var um að framlög til Erfðanefndar landbúnaðarins yrðu á sér lið á fjárlögum í framtíðinni. ÁH sagðist hafa rætt við Þorstein Tómasson hjá SLR og vilji væri fyrir því í ráðuneytinu að á næsta ári yrðu framlög til nefndarinnar á sér lið á fjárlögum. SS taldi að senda þyrfti bréf til SLR og óska eftir þessum breytingum með formlegum hætti.

4. Rekstur og áætlunargerð

Farið var yfir uppgjör fyrir 2010 og drög að áætlun fyrir 2011. Í ljósi þess að framlag fyrir 2011 lækkar úr 5.600.000 í 3.400.000 var ákveðið að nýta fjármuni nefndarinnar með þeim hætti að leggja höfuð áherslu á að fylgja eftir stefnumörkunaráætluninni og þeim verkefnum sem þar eru tiltekin .

5. Önnur mál

ÁH gerði grein fyrir stöðu mála hjá Nordgen og að enn væri verið að vinna að lausn fjárhagsvanda stofnunarinnar og endurskipulagningu starfseminnar.

6. Næsti fundur

Næsti fundur var ákveðin í apríl 2011